

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2008/EES/12/01		EMAS – Umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins – Skráð athafnasvæði í Noregi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001	1
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2008/EES/12/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 329/05/COL frá 20. desember 2005 um fimmtugustu og fjórðu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar ásamt tillögu að viðeigandi ráðstöfunum	3
2008/EES/12/03		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 320/06/COL frá 31. október 2006 um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir landamæraskoðunarstöðvar á Íslandi og í Noregi sem hafa öðlast viðurkenningu til dýraheilbrigðiseftirlits með dýrum og dýraafurðum frá löndum utan EES og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 246/06/COL frá 6. september 2006	16
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2008/EES/12/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4867 – BNP Paribas/Natixis/SLIB) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	20
2008/EES/12/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4874 – IteMa/BarcoVision)	21

2008/EES/12/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4884 – FCC/PORR/Autoput) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	22
2008/EES/12/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4980 – ABF/GBI Business)	23
2008/EES/12/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5009 – Randstad/Vedior)	24
2008/EES/12/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5044 – Bridgepoint/Pret a Manger) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	25
2008/EES/12/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5050 – Eaton/Moeller)	26
2008/EES/12/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5055 – AXA/Klépierre/Annecy Courier) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	27
2008/EES/12/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5060 – Theodorus I/Theodorus II/EADS Astrium/Euro Heat Pipes) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	28
2008/EES/12/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5071 – AAC/Polaris/BabySam) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	29
2008/EES/12/14	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5074 – Bosch/Mahle/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	30
2008/EES/12/15	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5085 – Platinum Equity/Delphi Steering) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	31
2008/EES/12/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4809 – France Télécom/Mid Europa Partners/One)	32
2008/EES/12/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4827 – Rio Tinto/Alcan)	32
2008/EES/12/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4839 – Areva NP/MHI/Atmea)	33
2008/EES/12/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4893 – Quebecor World/RSDB)	33
2008/EES/12/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4937 – Bank Sarasin & Cie/AIG Private Bank/JV)	34
2008/EES/12/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4957 – Perstorp Holding/Solvay Interox (caprolactones business))	34
2008/EES/12/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4968 – Reitan/SAS/NSB/Marked/Vizz/Travel)	35

2008/EES/12/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4971 – MPC/Viga-Villacero/MAN/Coutinho & Ferrostaal (JV))	35
2008/EES/12/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4986 – EQT V/Securitas Direct).	36
2008/EES/12/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4987 – IBM/Cognos).	36
2008/EES/12/26	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5003 – REWE/UAB Palink).	37
2008/EES/12/27	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.5019 – Holtzbrink/SevenOne/JV).	37
2008/EES/12/28	Ríkisaðstoð – Grikkland – Málsnúmer C 61/07 (áður NN 71/07) – Ríkisstyrkir sem runnið hafa til Olympic Airways Services/Olympic Airlines – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	38
2008/EES/12/29	Ríkisaðstoð – Svíþjóð (87.–89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins) – Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans – Tilkynning afturkölluð – Málsnúmer C 46/06 (áður N 347/06) – Undanþága frá koltvísyringsgjaldi af eldsneyti sem brennt er í stöðvum sem falla undir losunarkvótakerfi ESB.	38
2008/EES/12/30	Afnám almannapjónustukvaða sem stjórnvöld í Frakklandi hafa lagt á, í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92, í tengslum við áætlunarflug milli Angoulême og Lyon, Épinal og Parísar, Grenoble og Parísar, Montpellier og Bordeaux, Montpellier og Nice og Montpellier og Strassborgar	39
2008/EES/12/31	Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Breyting á almannapjónustukvöðum sem lagðar hafa verið á vegna áætlunarflugs á tilteknum leiðum á Spáni	39
2008/EES/12/32	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/06/08 í tengslum við framkvæmd 4. aðgerðar, háskólaárið 2008, áætlunarinnar Erasmus Mundus, aðgerðaáætlunar bandalagsins um bætt menntun á háskólastigi og aukinn skilning milli menningarsvæða með samstarfi við þriðju ríki	40
2008/EES/12/33	Auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2008 – Önnur áætlun um bandalagsaðgerðir á sviði lýðheilsu (2008–2013)	41
2008/EES/12/34	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. desember 2007 til 31. desember 2007 (birt í samræmi við 13. eða 38. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004).	42

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

EMAS – Umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins

2008/EES/12/01

Skráð athafnasvæði í Noregi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001

12. febrúar 2007

Skráningarnúmer	Heiti og heimilisfang fyrirtækis	Sími Bréfasími Netfang	Tengiliður	Atvinnugrein
NO-000005	Kraft Foods Norge AS , avd Disenå N-2114 Disenå	+47/62 96 82 00 +47/62 96 82 85 hbreisjoberg@krafteurope.com	Hanne Kari Breisjøberg	15.31
NO-000015	Rescon Mapei AS Vallsetveien 6 N-2120 Sagstua	+47/62 97 20 00 +47/62 97 20 99 alan.ulstad@resconmapei.no	Alan K. Ulstad	24.66
NO-000016	Håg AS Sundveien N-7460 Røros	+47/72 40 72 00 +47/72 40 72 72 mbf@hag.no	Mai Britt Fjerdingen	36.11
NO-000017	Gyproc AS Håbornv 59 N-1631 Gamle Fredrikstad	+47/69 35 75 00 +47/69 35 75 01 gyprocno@gyproc.com	Jon Gjerløw	26.62
NO-000034	Savo AS Fyrstikkbakken 7 N-0667 Oslo	+47/22 91 67 00 +47/22 63 12 09 bm@savo.no	Birgit Madsen	36.11
NO-000044	Hydro Aluminium Profiler AS , Magnor Gaustadveien N-2240 Magnor	+47/62 83 34 15 +47/62 83 33 00 oyvind.aasen@hydro.com	Øyvind Aasen	27.422
NO-000059	Ørsta Gruppen AS N-6151 Ørsta	+47/70 04 70 00 +47/70 04 70 04 firmapost@orstastaal.no	Rolf O. Hjelle	28.1
NO-000063	Pyrox AS N-5685 Uggdal	+47/53 43 04 00 +47/53 43 04 04	Eirik Helgesen	29.2
NO-000071	Forestia AS Avd Kvam N-2650 Kvam	+47/62 42 82 00 +47/61 29 25 30 kvam@forestia.com	Harvey Rønningen	20.200
NO-000083	Total E & P Norge AS Finnestadveien 44 N-4029 Stavanger	+47/51 50 39 18 +47/51 50 31 40 firmapost@ep.total.no	Ulf Einar Moltu	11.100
NO-000085	Kährs Brumunddal AS Nygata 4 N-2380 Brumunddal	+47/62 36 23 00 +47/62 36 23 01 knut.midtbruket@kahrs.com	Knut Midtbruket	20.200
NO-000086	Grøset Trykk AS Grøset Herregård N-2260 Kirkenær	+47/62 94 65 00 +47/62 99 65 01 mari.b@groset.no	Mari L Breen	22.22
NO-000090	AS Oppland Metall Mattisrudsvingen 2 N-2827 Hunndalen	+47/951 30 186 +47/61 17 04 71 firmapost@opplandmetall.no	Knut Sørлие	37.00, 60.2

Skráningarnúmer	Heiti og heimilisfang fyrirtækis	Sími Bréfasími Netfang	Tengiliður	Atvinnugrein
NO-000092	Forestia AS Braskereidfoss N-2435 Braskereidfoss	+47/62 42 82 00 +47/62 42 82 78 braskeriedfoss@forestia.com	Per Olav Løken	20.200
NO-000095	Grip Senter Storgata 23 C N-0184 Oslo	+47/22 97 98 00 +47/22 42 75 10 eva-britt.isager@grip.no	Eva Britt Isager	74.2
NO-000096	Gjøvik Land og Toten Interkommunale Avfallsselskap DA Dalborgmarka 100 N-2827 Hunndalen	+47/61 14 55 80 +47/61 13 22 45 post@glt-avfall.no	Bjørn E. Berg	90
NO-000097	Hydro Polymers AS Rafnes N-3966 Stathelle	+47/35 00 60 42 +47/35 00 62 98 harald.meloy@hydro.com	Harald Meløy	24.140
NO-000098	Norsk Metallfragmentering AS Mattisrudsvingen 2 2827 Hunndalen	+47/951 30 186 +47/61 17 04 71 firmapost@opplandmetall.no	Knut Sørli	37.1
NO-000099	Elektrogjenvinning Møre AS 6170 Vartdal	+47/70 04 04 60 +47/70 06 71 18 elektrogj.more@adsl.no	Hans Andreas Bakke	37.1
NO-000100	Elektrogjenvinning Norge AS Mattisrudsvingen 2 2827 Hunndalen	+47/61 18 76 90 +47/61 18 76 98 firmapost@elektrogjenvinning.no	Hans Andreas Bakke	37.1
NO-000101	Elektrogjenvinning Nord-Norge AS Skavdalsveien 6 9409 Harstad	+47/952 08 199 +47/77 03 13 71 jon.skog@hrs.no	Jon Skog	37.1
NO-000102	Elektrogjenvinning Romsdal AS Årøsætherveien 53 6422 Molde	+47/415 24 038 +47/61 17 04 71 ev-roms@online.no	Hans Andreas Bakke	37.1
NO-000103	Raufoss Metall AS Raufoss industripark, Bygning 365 2830 Raufoss	+47/951 30 186 +47/61 17 04 71 anders-frisinger@raufoss.com	Knut Sørli	27.5
NO-000104	Toten Metall AS Blili 2854 Eina	+47/951 30 186 +47/61 17 04 71 post@totenmetall.no	Knut Sørli	37.1
NO-000105	Oppland Metall Transport AS Mattisrudsvingen 2 2827 Hunndalen	+47/951 30 186 +47/61 17 04 71 tord.linnerud@opplandmetall.no	Knut Sørli	60.24
NO-000106	Norsk Industriolje AS Østerdalsgt 1 J 0602 Oslo	+47/22 66 04 00 +47/22 66 04 01 jostein.urnes@relekta.no	Jostein Urnes	51.510
NO-000107	Relekta Import AS Østerdalsgt 1 J 0602 Oslo	+47/22 66 04 00 +47/22 66 04 01 jostein.urnes@relekta.no	Jostein Urnes	51.820

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2008/EES/12/02

329/05/COL

frá 20. desember 2005

um fimmtugustu og fjórðu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar ásamt tillögu að viðeigandi ráðstöfunum

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾, einkum 61., 62. og 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽²⁾, einkum 24. gr. og b-lið 2. mgr. 5. gr. ásamt 1. gr. I. hluta og 18. og 19. gr. II. hluta bókunar 3 við þann samning,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða Eftirlitsstofnun EFTA álitur það nauðsynlegt.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar ⁽³⁾ sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾.

Hinn 6. september 2005 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna nýja orðsendingu sem hefur að geyma reglur um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart fjármögnun flugvalla og aðstoð vegna nýrra leiða sem er veitt flugfélögum með starfsemi á héraðsflugvöllum ⁽⁵⁾.

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnunin hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Minnt er á að Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við EFTA-ríkin með bréfum um þetta efni sem dagsett voru 7. nóvember 2005.

⁽¹⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽²⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Reglurnar birtust upprunalega í Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, og í EES-viðbæti við þau nr. 32 sama dag. Dagrétt gerð Leiðbeininga um ríkisaðstoð er birt á vefsetri eftirlitsstofnunarinnar: www.eflasurv.int.

⁽⁵⁾ Bandalagsleiðbeiningar um fjármögnun flugvalla og aðstoð vegna nýrra leiða sem er veitt flugfélögum með starfsemi á héraðsflugvöllum (Stjtið. ESB C 312, 9.12.2005, bls. 1)

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Leiðbeiningar um ríkisaðstoð breytast þannig að inn er felldur nýr kafli sem er tölusettur 30A og ber heitið Fjármögnun flugvalla og aðstoð vegna nýrra leiða sem er veitt flugfélögum með starfsemi á héraðsflugvöllum. Nýi kafllinn er birtur í I. viðauka við ákvörðun þessa. Lagðar eru til viðeigandi ráðstafanir samkvæmt I. viðauka við ákvörðun þessa.
2. EFTA-ríkjunum skal til upplýsingar sent bréf með eintaki af ákvörðun þessari ásamt viðauka við hana. Því er beint til EFTA-ríkjana að þau gefi til kynna samþykki sitt við tillögunni að viðeigandi ráðstöfunum fyrir 1. júní 2006.
3. Í samræmi við d-lið bókunar 27 við EES-samninginn skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna sent til upplýsingar eintak af ákvörðun þessari ásamt viðaukanum.
4. Ákvörðun þessi skal birt, ásamt I. viðauka, í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.
5. Samþykki EFTA-ríkin tillöguna að viðeigandi ráðstöfunum skal auglýsing með helstu upplýsingum birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau (auglýsingin fylgir ákvörðun þessari sem II. viðauki).
6. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 20. desember 2005.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Einar M. Bull

Forseti

Kurt Jäger

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

30A FJÁRMÖGNUN FLUGVALLA OG AÐSTOÐ VEGNA NÝRRRA LEIÐA SEM ER VEITT FLUGFÉLÖGUM MEÐ STARFSEMI Á HÉRAÐSFLUGVÖLLUM**30A.1 Inngangur**30A.1.1 *Málavextir*

1. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna („framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna“ eða „framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir) hefur gefið út orðsendingu um fjármögnun flugvalla og aðstoð vegna nýrra leiða sem er veitt flugfélögum með starfsemi á héraðsflugvöllum og er hún þáttur í heildaráætlun um uppbyggingu sameiginlegs loftrýmis Evrópuríkja. Samkvæmt ákvæðum um auknið viðskiptafrelsi, sem ganga undir nafninu „þriðji loftferðapakinn“ og hafa verið í gildi í Evrópusambandinu frá árinu 1993 og á Evrópska efnahagssvæðinu frá árinu 1994, hafa allir flugrekendur með EES-flugrekstrarleyfi haft ótakmarkaðan aðgang að svæðinu sem EES-samningurinn tekur til og frelsi til að ákveða fargjöld allt frá því í apríl 1997 ⁽¹⁾. Þessu fylgir að til þess að tryggja almenningi stöðugan aðgang að vandaðri þjónustu á viðráðanlegu verði á öllu yfirráðsvæði sínu hafa EES-riki getað lagt á, ef þau svo óska og á grundvelli skýrra lagaákvæða, kvaðir um almannaþjónustu að því er varðar ferðatíðni, stundvísi, sætaframboð eða afsláttarfargjöld fyrir tiltekna hópa notenda. Á grundvelli slíkra almannaþjónustukvæða hefur tekist að nýta flugsamgöngur til að efla verulega samheldni atvinnulífs og samfélags og auka byggðajafnvægi.
2. Að auki hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir er varða þætti á borð við úthlutun afgreiðslutíma ⁽²⁾, flugafgreiðslu ⁽³⁾ og tölvufarskráningarkerfi ⁽⁴⁾ í því skyni að skjóta stoðum undir þetta aukna viðskiptafrelsi og gera fyrirtækjum kleift að keppa á jafnræðisgrundvelli.
3. Eftirlitsstofnun EFTA („eftirlitsstofnunin“ í því sem hér fer á eftir) telur að leiðbeiningar framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna varði Evrópska efnahagssvæðið og gefur hér með út samsvarandi leiðbeiningar. Byggt er á valdheimildum stofnunarinnar samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samnings milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (er nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir) ⁽⁵⁾.
4. Það er álit eftirlitsstofnunarinnar að flugvellir geti haft áhrif á hagþróun einstakra byggðarlaga og getu þeirra til að halda uppi þjónustu á borð við menntun og heilsugæslu. Farþega- og vöruflutningar geta skipt sköpum um samkeppnisstöðu og uppbyggingu í sumum byggðarlögum. Flugvellir, sem bjóða góða þjónustu, geta dregið til sín flugfélög og stuðlað þannig að aukinni atvinnustarfsemi og meiri samheldni atvinnulífs, samfélags og byggða á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til.
5. Eftirlitsstofnunin lýsir jafnframt ánægju sinni með uppbyggingu lágfargjaldflugfélaga og hlut þeirra í því að lækka almennt verðlag flugþjónustu í Evrópu, breikka þjónustuúrval og gera stærra hópi almennings kleift að ferðast með flugi. Eftirlitsstofnuninni ber þó að sjá til þess að ákvæði EES-samningsins séu virt, einkum samkeppnisreglurnar og þá sérstaklega þær sem snúa að ríkisaðstoð.

30A.1.1.1 *Flugvallarflokkar*

6. Sem stendur ríkir mismunandi öflug samkeppni milli mismunandi tegunda flugvalla. Þetta er grundvallaratriði þegar kemur að rannsóknum á ríkisaðstoð sem snúast um að athuga í hvaða mæli samkeppni gæti raskast og hvaða áhrif á framkvæmd EES-samningsins gætu komið fram. Samkeppnisaðstæður eru metnar í hverju einstöku tilviki með hliðsjón af mörkuðunum sem um er að ræða. Rannsóknir hafa þó leitt í ljós ⁽⁶⁾ að stórir millilandaflugvellir eiga að jafnaði í samkeppni við sams konar flugvelli á öllum viðkomandi flutningamörkuðum, og ræðst samkeppnisstigið þá af þáttum á borð við umferðarþröng og það hvort um aðra flutningamáta er að velja, eða við stóra héraðsflugvelli í vissum tilvikum (sjá hér á eftir). Stórir héraðsflugvellir geta átt í samkeppni ekki aðeins við aðra slíka flugvelli heldur einnig helstu millilandaflugvelli á Evrópska efnahagssvæðinu og landflutninga, einkum ef góðar samgönguleiðir liggja

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum (Stjtið. EB L 240, 24.8.1992), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 66b í XIII. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 (Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994), reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (Stjtið. EB L 240, 24.8.1992), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 64a í XIII. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 (Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994) og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2409/92 frá 23. júlí 1992 um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu (Stjtið. EB L 240, 24.8.1992), sem var felld inn í EES-samninginn sem 65. liður XIII. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 (Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994).

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum (Stjtið. EB L 14, 22.1.1993), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 64b í XIII. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2004 (Stjtið. ESB L 102, 21.4.2005, bls. 33, og EES-viðbætur nr. 20, 21.4.2005).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum bandalagsins (Stjtið. EB L 272, 25.10.1996), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 64c í XIII. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2000 frá 2. október 2000 (Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 20, og EES-viðbætur nr. 59, 14.12.2000).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 frá 24. júlí 1989 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa (Stjtið. EB L 220, 29.7.1989, bls. 1), sem var felld inn í EES-samninginn sem 63. liður XIII. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/99 frá 5. nóvember 1999 (Stjtið. EB L 15, 18.1.2001, bls. 45, og EES-viðbætur nr. 3, 18.1.2001).

⁽⁵⁾ Heildartexti samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, með öllum áorðnum breytingum, er birtur á vefsetri EFTA-skrifstofnunar: <http://secretariat.efa.int/Web/legaldocuments>.

⁽⁶⁾ „Study on competition between airports and the application of state aid rules“ (Rannsókn á samkeppni milli flugvalla og beitingu ríkisaðstoðarreglna) – Cranfield University, júní 2002.

að flugvellingum á landi. Rannsóknirnar hafa einnig leitt í ljós að smáir flugvellir eiga að jafnaði ekki í samkeppni við aðra flugvelli, nema hvað í sumum tilvikum getur verið um að ræða samkeppni við nálæga flugvelli svipaðrar stærðar þar sem markaðssvæðin skarast.

7. Í þessum leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar eru notaðir eftirtaldir fjórir flugvallarflokkar:
- A-flokkur, þ.e. „stórir EES-flugvellir“, með meiri umferð en 10 milljónir farþega á ári.
 - B-flokkur, þ.e. „innanlandsflugvellir“, með umferð á bilinu 5 til 10 milljónir farþega á ári.
 - C-flokkur, þ.e. „stórir héraðsflugvellir“, með umferð á bilinu 1 til 5 milljónir farþega á ári.
 - C-flokkur, þ.e. „litlir héraðsflugvellir“, með minni umferð en 1 milljón farþega á ári.

30A.2 Markmið þessara leiðbeininga og breytingar frá leiðbeiningunum frá árinu 1994

8. Í 30. kafla leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð er vísað til leiðbeininga framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna frá árinu 1994 um beitingu 92. gr. (nú 87. gr.) og 93. gr. (nú 88. gr.) EB-sáttmálans og 61. gr. EES-samningsins um ríkisaðstoð vegna starfsemi á sviði flugrekstrar⁽⁷⁾ (er nefnast hér „flugrekstrarleiðbeiningarnar“). Í flugrekstrarleiðbeiningunum er ekki tekið á öllum nýjum atriðum varðandi fjármögnun flugvalla og aðstoð vegna nýrra leiða.
9. Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 1994 er nær eingöngu fjallað um skilyrði fyrir aðstoð við flugfélög, og takmarkast bein rekstraraðstoð við flugfélög við almannajónustukvaðir og aðstoð félagslegs eðlis. Í undirkafla II.3 í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 1994 er fjallað um fjárfestingu hins opinbera í flugvallarvirkjum. Þar kemur eftirfarandi fram: „Framkvæmdir við (flugvallar) mannvirki eru almenn efnahagsráðstöfun sem framkvæmdastjórnin hefur ekkert um að segja samkvæmt ríkisaðstoðarreglum sáttmálans. Þessi almenna regla gildir aðeins um framkvæmdir við mannvirki á vegum aðildarríkjanna, en ekki aðstoð sem leiðir af ívilnandi meðferð sem tiltekin fyrirtæki njóta í tengslum við notkun á mannvirkjunum.“

Fyrirliggjandi leiðbeiningar koma því til viðbótar leiðbeiningunum frá árinu 1994, en ekki í stað þeirra, með því að tilgreina hvernig beita ber samkeppnisreglum gagnvart mismunandi aðferðum við fjármögnun flugvalla (sjá undirkafla 30A.4) og gagnvart aðstoð vegna nýrra leiða sem er veitt flugfélögum með starfsemi á héraðsflugvöllum (sjá undirkafla 30A.5).

10. Eftirlitsstofnunin hefur í þessu samhengi hliðsjón af ávinningi af því að byggja upp héraðsflugvelli:
- Aukin notkun héraðsflugvalla er liður í baráttunni við umferðarþröng í lofti við helstu flugvelli í Evrópu. Í hvítbók „um flutningastefnu fyrir Evrópurík til ársins 2010“⁽⁸⁾ gefur framkvæmdastjórnin eftirfarandi skýringar: „Sértæk aðgerðaáætlun um umferðarþröng í lofti er komin í framkvæmd, en ekki hefur verið hugað nægilega að umferðarþröng á jörðu niðri enn sem komið er. Þó lætur nærri að annar hver flugvöllur í Evrópu sé þegar kominn á það stig að anna ekki lengur meiri umferð á jörðu niðri, eða nálgist það.“
 - Með því að fjölga flugvöllum sem flogið er frá til annarra Evrópuríkja er Evrópubúum gert auðveldara um vik að ferðast.
 - Með uppbyggingu þessara flugvalla er einnig stuðlað að hagþróun í viðkomandi byggðarlögum.

Þegar kemur að uppbyggingu á þjónustu standa héraðsflugvellir hins vegar oft höllum fæti í samanburði við helstu flugvelli í Evrópu, svo sem flugvelli í Lundúnum, París eða Frankfurt. Þeir hafa ekki stuðning af stóru og þekktu flugfélagi sem miðar rekstur sinn einkum við viðkomandi flugvöll til þess að gefa farþegum kost á eins mörgum áfangastöðum og við verður komið og til að nýta sér umtalsverða stærðarhagkvæmni slíkrar tilhögunar. Vera kann að þeir hafi ekki náð þeirri markstærð sem þyrfti til að gera þá nægilega eftirsóknarverða. Jafnframt verða héraðsflugvellir oft að glíma við ófullnægjandi ímynd og slæmt orðspor vegna staðsetningar sinnar á svæðum sem búa við bágan efnahag.

11. Af ofangreindum ástæðum hefur eftirlitsstofnunin í þessum leiðbeiningum tekið jákvæða afstöðu til uppbyggingar héraðsflugvalla, þótt tryggja verði að farið sé að öllu leyti eftir reglum um gagnsæi, bann við mismunum og meðalhóf til þess að koma í veg fyrir samkeppnissröskun, sem er andstæð sameiginlegum hagsmunum, í tengslum við opinberar fjárveitingar til héraðsflugvalla og ríkisaðstoð við flugfélög.
12. Þessi nálgun verður einnig að samræmast almennum stefnumiðum í flutningamállum, einkum samþættingu við járnbrautasamgöngur. Á undanförunum árum hefur áætlunum um uppbyggingu háhraðajárnbrautanets verið framfylgt af miklum metnaði, hvort sem litið er til stefnumörkunar eða fjármögnunar. Háhraðajárnbrautir eru afar álitlegur kostur við hlið flugs þegar litið er til ferðatíma, farmiðaverðs, þæginda og sjálfbærrar þróunar. Þó að mikið vanti á að háhraðajárnbrautanetið nái til alls svæðisins sem EES-samningurinn tekur til þar því að leitast við að nýta flutningagetu háhraðajárnbrauta til að koma upp skilvirkum

⁽⁷⁾ Í 30. kafla leiðbeininga eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð, sem fjallar um aðstoð vegna starfsemi á sviði flugrekstrar (Stjtið. EB L 124, 23.5.1996, og EES-viðbætur nr. 23, 23.5.1996), er vísað til leiðbeininga framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 92. og 93. gr. EB-sáttmálans og 61. gr. EES-samningsins gagnvart ríkisaðstoð á sviði flugrekstrar og tekið fram að eftirlitsstofnunin muni beita viðmiðum sem samsvara þeim sem um getur í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar.

⁽⁸⁾ Hvítbók, European Transport Policy for 2010: Time to decide COM(2001) 370 lokaútg..

tengingum með góðri þjónustu og hvetja járnbrautafélög og flugfélög til samstarfs á grundvelli 53. gr. EES-samningsins um að efla samvirkni þessara tveggja flutningahátta með hagsmunum notenda fyrir augum.

13. Að því leyti, sem afstaða er tekin í þessum leiðbeiningum til atriða á borð við það hvort um aðstoð sé að ræða, er í þeim að finna, til upplýsingar, almenna túlkun eftirlitsstofnunarinnar á slíkum atriðum á þeim tíma sem textinn er skrifaður. Þetta er aðeins gert til viðmiðunar og með fyrirvara um túlkun EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópubandalaganna á þessu.

30A.3 Gildissvið og sameiginlegar reglur um samrýmanleika

30A.3.1 Gildissvið og lagagrundvöllur

14. Í þessum rammaákvæðum er skýrt til hvaða atriða verður litið og hvaða aðferðum verður beitt við mat eftirlitsstofnunarinnar á opinberri fjármögnun flugvalla og ríkisaðstoð vegna nýrra leiða með hliðsjón af reglum og málsmeðferð á sviði ríkisaðstoðar. Mat eftirlitsstofnunarinnar verður byggt á ákvæðum 2. mgr. 59. gr. eða a-, b- eða c-lið 61. gr. EES-samningsins.
15. Samkvæmt 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins er EFTA-rikkjunum heimilt að víkja frá reglum um ríkisaðstoð þegar um ræðir fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu ef beiting slíkra reglna kemur í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin og að því tilskildu að þróun viðskipta sé ekki raskað í þeim mæli að stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.
16. Í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins kemur fram hvaða tegundir aðstoðar má lýsa samrýmanlegar EES-samningnum. Í a- og c-lið 3. mgr. 61. gr. er kveðið á um undanþágur vegna aðstoðar sem er veitt til að efla hagþróun á tilteknum svæðum og/eða greiða fyrir þróun ákveðinna atvinnugreina.
17. Í 25. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð, sem fjallar um landsbundna byggðaaðstoð (og nefnist „leiðbeiningar um landsbundna byggðaaðstoð“ í því sem hér fer á eftir), tilgreindi eftirlitsstofnunin við hvaða skilyrði mætti telja byggðaaðstoð samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins á grundvelli a- og c-liðar 3. mgr. 61. gr. Rekstraraðstoð⁽⁹⁾, sem er veitt flugvöllum eða flugfélögum (til dæmis aðstoð vegna nýrra leiða), má aðeins lýsa samrýmanlega samningnum í undantekningartilvikum, og að fullnægðum ströngum skilyrðum, í byggðarlögum sem standa höllum fæti, þ.e. byggðum sem njóta undanþágu samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, og strjálum byggðum⁽¹⁰⁾.
18. Samkvæmt ákvæðum b-liðar 3. mgr. 61. gr. getur aðstoð, sem veitt er til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum, talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Visað er sérstaklega til verkefna sem varða samevrópsk flutningakerfi, en undir það geta fallið flugvallarframkvæmdir.
19. Ef ofangreind ákvæði eiga ekki við ræðst mat eftirlitsstofnunarinnar á því, hvort aðstoð við flugvelli og aðstoð vegna nýrra leiða sé samrýmanleg ákvæðum EES-samningsins, af ákvæðum c-liðar 3. mgr. 61. gr. samningsins. Grundvallarreglurnar, sem eftirlitsstofnunin fer eftir, koma fram í eftirfarandi málsgreinum.

30A.3.2 Er um ríkisaðstoð að ræða?

30A.3.2.1 Atvinnustarfsemi á vegum flugvalla

20. Í EES-samningnum eru engin ákvæði sem lúta að því hvort flugvellir skuli vera í ríkiseign eða einkaeign. Þegar kemur að því að meta hvort um ríkisaðstoð sé að ræða hefur það mest að segja hvort aðstoðarþeginn hefur atvinnustarfsemi með höndum⁽¹¹⁾. Ekki getur legið nokkur vafi á því að flugfélög stundi atvinnustarfsemi. Með sama hætti er það svo að um leið og flugvöllur hefur atvinnustarfsemi telst hann fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, óháð því hver lögformleg staða hans er eða hvernig fjármögnun hans er háttað, og ber þá að beita ríkisaðstoðarreglunum⁽¹²⁾.
21. Í *Aéroports de Paris*-málinu⁽¹³⁾ var það niðurstaða Evrópudómstólsins (er nefnist „dómstóllinn“ í því sem hér fer á eftir) að flugvallarrekstur og starfsemi, sem er fólgin í flugvallarþjónustu við flugfélög og þjónustuveitendur hvers konar innan flugvalla, væri atvinnustarfsemi vegna þess að með slíkri starfsemi væri flugfélögum og öðrum þjónustuveitendum seldur aðgangur að flugvallaraðstöðu gegn gjaldi sem rekstraraðilinn réði sjálfur, og þar eð hún félli ekki undir opinbert valdsvið hans sem stjórnvalds mætti

⁽⁹⁾ Leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, kaflinn um landsbundna byggðaaðstoð (Stjtið. EB L 111, 29.4.1999, og EES-viðbætur nr. 18, 29.4.1999). Í leiðbeiningunum um landsbundna byggðaaðstoð er rekstraraðstoð skilgreind sem aðstoð „sem miðar að því að lækka rekstrarútgjöld fyrirtækis“ (26. mgr. undirkafla 25.4), en stofnfjárfesting er „fjárfesting[er] í fastafjármanum í tengslum við að koma á fót nýrri starfstöð, stækka fyrirliggjandi starfsstöð, eða hefja starfsemi sem felur í sér grundvallarþreyingu á framleiðsluvörum eða framleiðsluferli í fyrirliggjandi starfsstöð“ (6. mgr. undirkafla 25.4).

⁽¹⁰⁾ Sjá 26. mgr. undirkafla 25.4 og áfram í leiðbeiningunum um landsbundna byggðaaðstoð.

⁽¹¹⁾ Samkvæmt dómframkvæmd Evrópudómstólsins telst starfsemi, sem er fólgin í sölu á vörum og þjónustu á tilteknum markaði, jafnan atvinnustarfsemi. Sjá mál C-35/96 *Framkvæmdastjórnin gegn ítalska ríkinu* [1998] ECR I-3851 og mál C-180/98 til 184/98 *Pavlov* [2000] ECR I-6451.

⁽¹²⁾ Mál C-159/91 og C-160/91, *Poucet* gegn *AGF* og *Pistre* gegn *Cancava* [1993] ECR I-637.

⁽¹³⁾ Mál T-128/98, *Aéroports de Paris* gegn *frankvæmdastjórn Evrópubandalaganna* [2000] ECR II-3929, staðfest í máli C-82/01 [2002] ECR I-9297, 75–79. mgr.

greina hana frá starfsemi sem innt væri af hendi á grundvelli þess valdsviðs. Flugvallarrekandinn hefur því í grundvallaratriðum með höndum atvinnustarfsemi í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, en slík starfsemi fellur undir ríkisaðstoðarreglurnar.

22. Á hinn bóginn er ekki víst að öll starfsemi flugvallarrekanda teljist atvinnustarfsemi. Nauðsynlegt er að greina milli mismunandi þátta starfseminnar og skera úr um það hvaða þættir starfseminnar séu atvinnustarfsemi ⁽¹⁴⁾.
23. Dómstólinn hefur úrskurðað að starfsemi, sem er að jafnaði á ábyrgð ríkisins og stjórnvald innir af hendi á grundvelli valdsviðs síns, sé ekki atvinnustarfsemi og ríkisaðstoðarreglurnar taki því ekki til hennar. Starfsemi af þessu tagi er meðal annars öryggisgæsla, flugumferðarstjórn, löggæsla, tollgæsla o.s.frv. Í almennum atriðum verður fjármögnun slíkrar starfsemi að takmarkast við að mæta kostnaði sem af henni hlýst og má ekki nota þá fjármuni til að standa undir kostnaði við aðra atvinnustarfsemi ⁽¹⁵⁾. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skýrði þetta í orðsendingu sinni frá 10. október 2001 í kjölfar árásanna hinn 11. september 2001: „Ekki þarf að nefna að beinist tilteknar ráðstafanir beint að flugfélögum og öðrum fyrirtækjum í greininni, til að mynda flugvöllum eða fyrirtækjum sem sinna flugafgreiðslu eða flugleiðsöguþjónustu, mega stjórnvöld ekki fjármagna slíkar ráðstafanir með þeim hætti að leiði til rekstraraðstoðar sem er ósamrýmanleg ákvæðum sáttmálans.“
- 30A.3.2.2 Flugvallarstarfsemi sem telst til þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu
24. Stjórnvald getur flokkað sumt af þeirri atvinnustarfsemi, sem fer fram á vegum flugvalla, sem þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu. Það leggur flugvallarrekandanum þá á herðar tilteknar almannaðjónustukvaðir til þess að tryggja að almannahagsmunum sé þjónað með fullnægjandi hætti. Við slíkar aðstæður geta stjórnvöld bætt flugvallarrekanda viðbótarkostnað sem hlýst af því að fullnægja almannaðjónustukvöðinni. Ekki er útilokað að rekstur flugvallar í heild geti, í undantekningartilvikum, talist þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Í slíkum tilvikum gæti stjórnvald lagt almannaðjónustukvaðir á flugvöllinn – til dæmis flugvöll í afskekktu byggðarlagi – og ákveðið að greiða endurgjald vegna þeirra kvaða. Þó ber að taka fram að sem þjónusta, sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, má rekstur flugvallar í heild ekki taka til starfsemi sem tengist ekki beint grundvallarstarfsemi flugvallarins, sjá iv. lið 43. mgr.
25. Í þessu samhengi veur eftirlitsstofnunin athygli á dómi dómstólsins í *Altmark*-málinu ⁽¹⁶⁾, sem er grundvöllur réttarframkvæmdar að þessu leyti. Niðurstaða dómstólsins var að endurgjald fyrir almannaðjónustu teldist ekki ríkisaðstoð í skilningi 87. gr. EB-sáttmálans ef eftirtöldum fjórum skilyrðum væri fullnægt:
1. Eiginlegar almannaðjónustukvaðir verða að hvíla á fyrirtækinu sem þiggur endurgjaldið, og þær kvaðir verða að vera skýrt skilgreindar.
 2. Skilgreina verður fyrirfram og á hlutlægan og gagnsæjan hátt þær forsendur sem ráða útreikningi endurgjaldsins.
 3. Endurgjaldið má ekki vera umfram það sem þarf til að mæta, að fullu eða að hluta, útgjöldum sem fyrirtækið hefur af því að fullnægja almannaðjónustukvöðunum, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar.
 4. Sé fyrirtækið, sem falið er að inna af hendi almannaðjónustukvaðir í tilteknu tilviki, ekki valið samkvæmt reglum um opinber innkaup með það að markmiði að velja bjóðanda sem sinnt getur þjónustunni með minnstum kostnaði fyrir samfélagið, skal ákveða endurgjaldið á grundvelli greiningar sem sýnir hvaða kostnað dæmigert fyrirtæki, sem er vel rekið og nægilega vel búið flutningatækjum til að geta sinnt almannaðjónustunni vel, hefði haft af því að fullnægja kvöðunum, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar af því að inna kvaðirnar af hendi.
26. Endurgjald vegna almannaðjónustukvaða, sem lagðar eru á flugvallarrekanda, telst ekki ríkisaðstoð ef það fullnægir skilyrðunum sem sett eru í *Altmark*-dóminum.
27. Opinber fjármögnun annarra flugvalla en þeirra, sem um getur hér á undan, getur talist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef hún hefur áhrif á samkeppni og á viðskipti milli aðila að EES-samningnum.
- 30A.3.2.3 Áhrif fjármuna, sem renna til flugvalla, á samkeppni og á viðskipti milli aðila að EES-samningnum
28. Meta má samkeppni milli flugvalla með hliðsjón af því á hvaða forsendum flugfélög velja flugvelli, og einkum með samanburði á þáttum á borð við það hvaða flugvallarþjónusta er í boði og hverjir viðskiptavinirnir eru, mannfjölda eða atvinnustarfsemi, umferðarþröng, hvort leiðir liggja að velinum á landi og hversu há gjöld eru innheimt vegna notkunar á flugvallarvirkjum og þjónustu. Notkunargjöldin skipta

⁽¹⁴⁾ Mál C-364/92 *SAT Fluggesellschaft* gegn *Eurocontrol* [1994] ECR I-43.

⁽¹⁵⁾ Mál C-343/95 *Calì & Figli* gegn *Servizi ecologici porto di Genova* [1997] ECR I-1547. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 309/2002 frá 19. mars 2003, Flugvernd – Bætur vegna útgjalda sem hlutust af árásumum 11. september 2001. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 438/2002 frá 16. janúar 2002, Aðstoð sem veitt er til stuðnings hlutverki yfirvalda í hafnarekstri.

⁽¹⁶⁾ Mál C-280/00 *Altmark Trans og Regierungspräsidium Magdeburg* gegn *Nahverkehrsgesellschaft Altmark* [2003] ECR I-7747.

höfuðmáli vegna þess að opinberar fjárveitingar til flugvallar geta nýst til þess að halda flugvallargjöldum óeðlilega lágum og laða þannig að umferð og geta einnig valdið verulegri röskun á samkeppni.

29. Álit eftirlitsstofnunarinnar á grundvelli þessara leiðbeininga er þó að nota megi flokkana, sem tilgreindir eru í 7. mgr., sem vísbendingu um samkeppni milli flugvallar og þannig hversu mikil áhrif opinberar fjárveitingar til flugvallar hafi til röskunar á samkeppni.

Þannig verður að jafnaði litið svo á að opinberar fjárveitingar til innanlandsflugvallar og EES-flugvallar (A-flokks og B-flokks) raski eða geti raskað samkeppni og hafi eða geti haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins. Aftur á móti er ólíklegt að fjárveitingar til lítilla héraðsflugvallar (D-flokks) raski samkeppni eða hafi áhrif á viðskipti í þeim mæli að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.

30. Að slepptum þessum almennu vísbendingum er hins vegar engin leið að setja reglur sem ná til allra hugsanlegra tilvika, einkum þegar um ræðir flugvelli í C- og D-flokki.

Af þessum sökum ber að tilkynna allar ráðstafanir sem geta falið í sér ríkisaðstoð við flugvöll til þess að meta megi áhrif þeirra á samkeppni og á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins, og eftir því sem við á hvort þær samrýmist framkvæmd EES-samningsins.

31. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. júlí 2005 um beitingu 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannaþjónustu tekur til flugvallar í D-flokki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Endurgjald fyrir almannaþjónustu, sem telst ríkisaðstoð, er þó undanþegið kröfunni um fyrirframtilkynningu ef það fullnægir tilteknum skilyrðum sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni⁽¹⁷⁾. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn enn sem komið er.

30A.3.2.4 Reglan um einkafjárfesti í markaðshagkerfi

32. Samkvæmt 125. gr. EES-samningsins hefur samningurinn engin áhrif á reglur samningsaðila um skipan eignarréttar. Aðildarríkin geta því átt og rekið fyrirtæki og keypt hlutafé eða eignarhluta af öðru tagi í skráðum og óskráðum félögum.

33. Þessi regla felur í sér að aðgerðir eftirlitsstofnunarinnar geta hvorki leitt til þess að stjórnvöld, sem fjárfesta í eiginfé tiltekinna fyrirtækja, verði látin gjalda stöðu sinnar né að þau fái hagfelldari meðferð hennar vegna. Á samsvarandi hátt er það ekki hlutverk eftirlitsstofnunarinnar að fella dóma um það hvernig fyrirtæki velja fjármögnunarleiðir.

34. Í leiðbeiningunum er því enginn munur gerður á aðstoðarþegum á grundvelli rekstrarforms eða þess hvort þeir tilheyra hinu opinbera eða einkageiranum, og tilvísanir til flugvallar og rekstrarfélaga þeirra ná yfir lögaðila hvers konar.

35. Við þetta bætist að ekki leiðir af slíkum sjónarmiðum um bann við mismunun og um jafnræði að stjórnvöld og opinber fyrirtæki séu undanþegin því að beita samkeppnisreglum.

36. Það á almennt við að hvort sem opinberar fjárveitingar renna til flugvallar eða stjórnvöld beina þeim beint eða óbeint til flugfélaga, ræðst mat eftirlitsstofnunarinnar á því hvort um aðstoð sé að ræða af því hvort „einkafjárfestir hefði við svipaðar aðstæður skráð sig fyrir hlutafénu sem um ræðir, að teknu tilliti til þess hverjar ávöxtunarhorfurnar eru og óháð félagslegum sjónarmiðum og atriðum sem lúta að hagsmunum byggðarinnar og atvinnuveganna“⁽¹⁸⁾.

37. Dómstóllinn hefur felld dóm sem hér segir: „það er að jafnaði forsenda fyrir beitingu jafnræðisreglunnar, sem stjórnvöld ríkanna vísa til í tengslum við sambandið milli opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja, að staða þeirra sé sambærileg. [...] framleiðslu- og viðskiptastefna einkafyrirtækja ræðst einkum af því að þau þurfa að skila hagnaði. Ákvarðanir opinberra fyrirtækja geta aftur á móti mótast af öðrum þáttum sökum þess að stjórnvöld, sem leitast við að þjóna almannahagsmunum, geta haft áhrif á þær ákvarðanir.“⁽¹⁹⁾ Þannig er hugmyndin um ávöxtunarhorfur fyrirtækisins, sem leggur í raun fram fé sem markaðsaðili, höfuðatriði í þessu samhengi.

38. Dómstólar Evrópubandalaganna hafa einnig úrskurðað að háttsemi opinbers fjárfestis skuli borin saman við háttsemi einkafjárfestis sem fylgir heildstæðri uppbyggingarstefnu – hvort sem hún er almenn eða takmarkast við eina grein – og tekur mið af ávöxtunarhorfum til lengri tíma litið⁽²⁰⁾. Þetta sjónarmið á einkum við þegar um ræðir fjárfestingar í mannvirkjum.

⁽¹⁷⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2005/842/EB um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu (Stjóð. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 67). Ákvörðunin hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn enn sem komið er. Meðan ákvörðunin hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn gildir því að þessar tegundir endurgjalds fyrir almannaþjónustu eru tilkynningaskyldar samkvæmt almennum ákvæðum þess efnis í I. hluta og 2. gr. II. hluta bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

⁽¹⁸⁾ Mál 40/85 *Konungsríkið Belgía gegn framkvæmdastjórninni* [1986] ECR I-2321.

⁽¹⁹⁾ Sameinuð mál 188/80 til 190/80 *franska ríkið, ítalska ríkið og breska ríkið gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna* [1982] ECR 2571, 21. mgr.

⁽²⁰⁾ Mál C-305/89 *Ítalska ríkið gegn framkvæmdastjórninni („Alfa Romeo“)* [1991] ECR I-1603, 20. mgr. Mál T-228/99 *Westdeutsche Landesbank Girozentrale gegn framkvæmdastjórninni* [2003] ECR II-435, 250–270. mgr.

39. Þegar EFTA-ríkin eða stjórnvöld láta ríkisfjármuni renna til flugvallarrekenda eða flugfélaga verður því jafnan að meta það með hliðsjón af þessum sjónarmiðum. Hagræði af því tagi telst ekki ríkisaðstoð þegar þannig stendur á að EFTA-ríkin og stjórnvöld haga sér á sama hátt og einkafyrirtæki hefðu gert.
40. Séu ríkisfjármunir aftur á móti látnir renna til fyrirtækis á hagfelldari kjörum (þ.e. á lægra verði, í efnahagslegum skilningi) en einkafyrirtæki hefði boðið fyrirtæki í sambærilegri fjárhagsstöðu og áþekku samkeppnisumhverfi nýtur það fyrirtæki stuðnings sem telst ríkisaðstoð.
41. Þegar litið er til aðstoðar vegna nýrra leiða er hugsanlegt að flugvöllur í opinberri eigu láti flugfélag njóta hagræðis með því að nota fjármuni sem verða til í atvinnustarfsemi hans, og telst slíkt þá ekki ríkisaðstoð ef flugvallarrekandi sýnir fram á að hann hafi hagað sér eins og einkafjárfestir, til að mynda með því að leggja fram viðskiptaáætlun sem sýnir áætlaðan hagnað af atvinnustarfsemi á vegum flugvallarins. Ef einkarekinn flugvöllur lætur hins vegar af hendi fé sem er í raun ekkert annað en opinberir fjármunir sem opinber stofnun hefur látið renna til flugvallarins í þessu skyni verður að líta á slíka styrki sem ríkisaðstoð ef ákvörðunin um að nýta opinbera fjármuni á þennan hátt er tekin á vegum stjórnvalda.
42. Til þess að einkafjárfestareglan geti átt við, með þeirri niðurstöðu að ekki sé um aðstoð að ræða, verður að liggja fyrir að rekstur atvinnurekandans, sem gegnir hlutverki fjárfestis, sé í heild traustur: Flugvallarrekandi, sem kostar ekki eigin fjárfestingar og greiðir ekki gjöld í tengslum við þær, eða fær hluta rekstrarkostnaðar greiddan úr opinberum sjóðum, umfram kostnað við verkefni sem innt eru af hendi í almannaþágu, getur að jafnaði ekki talist einkafjárfestir í markaðshagkerfi, með fyrirvara um úrskurði í einstökum málum. Þegar um slíkan atvinnurekanda er að ræða er því miklum erfiðleikum bundið að beita þessari aðferð.

30A.4 Fjármögnun flugvallar

43. Flugvallarstarfsemi má skipta í eftirtalda flokka:
- i. Framkvæmdir við mannvirki og búnað (flugbrautir, flugstöðvarbyggingar, flughlöð, flugturn) eða búnað sem nýtist í beinum tengslum við slík mannvirki (eldvarnabúnað, verndar- og öryggisbúnað).
 - ii. Rekstur mannvirkja, þ.e. viðhald og daglegur rekstur flugvallarvirkja.
 - iii. Flugvallarþjónusta sem tengist loftflutningum, til að mynda flugafgreiðsla og notkun tilheyrandi mannvirkja, eldvarnaþjónusta, neyðarþjónusta, öryggisþjónusta o.s.frv.
 - iv. Atvinnustarfsemi sem tengist ekki beinlínis meginstarfsemi flugvallarins, m.a. framkvæmdir, fjármögnun, not og útleiga á landi og byggingum, ekki aðeins undir skrifstofur og geymslur, heldur einnig gistirými og iðnaðarstarfsemi á flugvellinum, auk verslana, veitingastaða og bílastæðarýmis. Þar eð ekki er um flutningastarfsemi að ræða taka leiðbeiningarnar, sem hér birtast, ekki til þessara atriða heldur fer um mat á þeim eftir viðkomandi reglum um einstakar atvinnugreinar eða almennum reglum.
44. Þessar leiðbeiningar gilda um alla flugvallarstarfsemi, að undanskildum öryggismálum, flugleiðsögn og annarri starfsemi sem EFTA-ríki hefur með höndum í krafti stöðu sinnar sem stjórnvalds ⁽²¹⁾.

30A.4.1 Fjármögnun flugvallarvirkja

45. Þessi undirkaflí varðar aðstoð vegna framkvæmda við flugvallarvirki og búnað eða aðstöðu sem nýtist í beinum tengslum við slík mannvirki eins og skýrt er í i. lið 43. mgr. og 44. mgr. hér á undan.
46. Mannvirki eru grundvöllur atvinnustarfseminnar sem flugvallarrekandi hefur með höndum. Þau eru þó einnig tæki sem stjórnvöld geta notað til að hafa áhrif á hagþróun byggðarlaga, skipulagsmál, flutningamál o.s.frv.
47. Flugvallarrekendur, sem hafa með höndum atvinnustarfsemi í skilningi dómsins sem um getur í 21. mgr., eiga að standa sjálfir undir kostnaði við notkun og uppbyggingu mannvirkja sem þeir nýta. Þetta þýðir að leggi EFTA-ríki (og þá einnig héraðsýfirvöld og staðaryfirvöld í því ríki) flugvallarrekanda til mannvirki án þess að koma fram eins og um einkafjárfesti væri að ræða og án þess að huga nægilega að fjárhagslegum atriðum geta opinberir styrkir vegna kostnaðar flugvallarrekanda við uppbyggingu mannvirkja fært honum fjárhagslegt hagræði umfram keppinauta og er af þeim sökum skylt að tilkynna slíka styrki og rannsaka þá með hliðsjón af reglum um ríkisaðstoð.
48. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og eftirlitsstofnunin hafa þegar gert grein fyrir því við hvaða skilyrði viðskipti á borð við sölu á landi eða byggingum ⁽²²⁾ eða einkavæðingu fyrirtækis ⁽²³⁾ fela ekki í sér hættu á ríkisaðstoð, að þeirra mati. Þessi skilyrði eru fyrir hendi, í flestum tilvikum, ef viðskiptin fara fram á markaðsverði, einkum ef verðið er niðurstaða útboðs sem er nægilega vel auglýst, opið, óskilyrt og laust við mismunun, og tryggt er að bjóðendur njóti jafnræðis. Með fyrirvara um skuldbindingar, sem leiðir af reglum og grundvallarsjónarmiðum á sviði opinberra innkaupa og úthlutunar sérleyfa, eftir

⁽²¹⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 309/2002 – Frakkland: Öryggi í flugi – Bætur vegna útgjalda sem hlutust af árásumum 11. september 2001 (Stjtið. ESB C 148, 25.6.2003).

⁽²²⁾ Leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum (Stjtið. EB L 137, 8.6.2000, og EES-viðbætur nr. 26, 8.6.2000). Þær leiðbeiningar svara til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum.

⁽²³⁾ Skýrsla framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um stefnu í samkeppnismálum, 1993, 402. og 403. mgr.

því sem slíkt á við, eiga í aðalatriðum við sömu röksemdir, að breyttu breytanda, þegar stjórnvöld selja mannvirki eða láta þau af hendi.

49. Aldrei er unnt að útiloka, hvað sem öðru líður, að um aðstoð geti verið að ræða í einstökum tilvikum. Til að mynda getur verið um aðstoð að ræða ef mannvirki eru afhent rekanda sem valinn er fyrirfram, og nýtur þannig óeðlilegs hagræðis, eða ef kaupandi nýtur óeðlilegs hagræðis í krafti munar á söluverðinu og byggingarkostnaði nýlegra mannvirkja sem engin leið er að réttlæta.
50. Einkum gildir að séu flugvallarrekkanda afhent mannvirki til viðbótar þeim sem fyrir voru verður hann að greiða leigu á markaðsvirði í samræmi við kostnað af nýju mannvirkjunum og hversu lengi hann nýtir þau. Við þetta bætist að hafi ekki verið kveðið á um uppbyggingu nýrra mannvirkja í upphaflega samningnum verða mannvirkin, sem bætast við, að tengjast náð notkun eldri mannvirkja og viðfang upphaflega samningsins verður að haldast óbreytt.
51. Reynist ókleift að útiloka að um ríkisaðstoð sé að ræða ber að tilkynna umrædda ráðstöfun. Þótt staðfest sé að ráðstöfunin feli í sér ríkisaðstoð kann hún að teljast samrýmanleg EES-reglum, einkum á grundvelli a-, b- eða c-liðar 3. mgr. 61. gr. eða 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins, auk tilheyrandi framkvæmdarákvæða eftir því sem við á. Í þessu samhengi mun eftirlitsstofnunin einkum ganga úr skugga um:
- að bygging og rekstur mannvirkjanna þjóni vel skilgreindum markmiðum á sviði almannahagsmuna (byggðapróun, aðgengi að þjónustu o.s.frv.),
 - að mannvirkin séu nauðsynleg og hæfilega mikil að vöxtum að teknu tilliti til settra markmiða,
 - að horfur um nýtingu mannvirkjanna til meðallangs tíma séu viðunandi, einkum að því er varðar nýtingu eldri mannvirkja,
 - að allir hugsanlegir notendur mannvirkjanna hafi jafnan aðgang að þeim, án mismununar,
 - að þróun viðskipta verði ekki fyrir svo miklum áhrifum að stríði gegn framkvæmd EES-samningsins.
- 30A.4.2 *Aðstoð vegna rekstrar flugvallarvirkja*
52. Það er álit eftirlitsstofnunarinnar að flugvallarrekkandi, rétt eins og hvert annað fyrirtæki, skuli í grundvallaratriðum standa sjálfur undir eðlilegum kostnaði af rekstri og viðhaldi flugvallarvirkjanna. Ef opinberir fjármunir eru látnir renna til slíkrar þjónustu minnkar það eðlileg útgjöld flugvallarrekkanda af daglegum rekstri.
53. Fjármögnun af því tagi telst ekki ríkisaðstoð ef hún er endurgjald fyrir almannaðjónustu, sem flugvallarrekkanda er gert að inna af hendi, í samræmi við skilyrðin sem sett eru í *Altmark*-dóminum ⁽²⁴⁾. Í öðrum tilvikum teljast rekstrarstyrkir rekstraraðstoð. Eins og tekið er fram í undirkafla 30A.3.1 í þessum leiðbeiningum er aðeins unnt að lýsa slíka aðstoð samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins á grundvelli a- eða c-liðar 3. mgr. 61. gr., að fullnægðum sérstökum skilyrðum, í afskiptum byggðum, eða á grundvelli ákvæða 2. mgr. 59. gr., ef hún fullnægir tilteknum skilyrðum sem tryggja að hún sé nauðsynleg til að veita megi þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og hafi ekki áhrif á viðskipti í þeim mæli að stríði gegn hagsmunum samningsaðila.
54. Að því er varðar beitingu 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins háttar þannig til, eins og fram kemur í 31. mgr., að samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. júlí 2005 um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannaðjónustu telst endurgjald fyrir almannaðjónustu, sem felur í sér ríkisaðstoð og rennur til flugvallar í D-flokki, samrýmanlegt gildandi reglum að fullnægðum tilteknum skilyrðum ⁽²⁵⁾.
55. Í þessu samhengi mun eftirlitsstofnunin ganga úr skugga um að flugvellinum hafi í raun verið falið að veita þjónustu sem þjónar almannahagsmunum og að endurgjaldið sé ekki umfram það sem þarf til að mæta útgjöldum sem fylgja því að fullnægja almannaðjónustukvöðunum, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar.
56. Þegar flugvallarrekkanda er falið að sinna almannaðjónustu verður að skrá það í eitt eða fleiri opinber skjöl, en hverju EFTA-ríki er í sjálfsvald sett að ákveða hvaða form er á slíkum skjölum. Í skjölunum þurfa að koma fram upplýsingar sem sýna hvaða kostnaður fylgir almannaðjónustunni sérstaklega, og skal einkum tekið fram:
- í hverju almannaðjónustukvaðirnar eru fólgnar nákvæmlega,
 - hvaða fyrirtæki og landsvæði koma við sögu,
 - hvort flugvallarrekkanda er veitt sérleyfi eða einkaréttur og þá af hvaða tagi,
 - við hvaða forsendur er stuðst við útreikning, yfirferð og endurskoðun endurgjaldsins,
 - hvaða aðferðir eru notaðar til að koma í veg fyrir að endurgjald verði of hátt eða of lágt og hvernig slíkt er leiðrétt.

⁽²⁴⁾ Sjá 16. nmgr.

⁽²⁵⁾ Ákvörðunin hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn enn sem komið er. Þótt ákvörðunin verði felld inn í samninginn ber eftir sem áður að tilkynna, og meta sérstaklega, hvert það tilvik um endurgjald fyrir almannaðjónustu sem felur í sér ríkisaðstoð við stóra flugvelli (þ.e. flugvelli í A-, B- eða C-flokki) eða fullnægir ekki viðmiðum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í gerðinni.

57. Við útreikning endurgjaldsins ber að taka tillit til alls kostnaðar og allra tekna sem fylgja því að sinna þjónustunni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Ef flugvallarrekandinn, sem um ræðir, nýtur annars konar sérleyfis eða einkaréttar í tengslum við þjónustuna sem hefur almenna efnahagslega þýðingu ber einnig að taka tillit til tekna af slíkum réttindum. Þess vegna ber að notast við gagnsett bókhaldskerfi og beita fjárhagslegum aðskilnaði milli einstakra þátta í starfsemi flugvallarrekandans ⁽²⁶⁾.

30A.4.3 *Aðstoð vegna flugvallarþjónustu*

58. Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 96/67/EB er flugafgreiðsla atvinnustarfsemi sem fer fram á samkeppnismarkaði ef árleg umferð nemur að minnsta kosti ferðum tveggja milljóna farþega ⁽²⁷⁾. Ef flugvallarrekandi sinnir einnig flugafgreiðslu er honum heimilt að krefja flugfélög um mishátt gjald fyrir slíka þjónustu ef mismunurinn endurspeglar mismun á kostnaði eftir eðli eða umfangi þjónustunnar ⁽²⁸⁾.

59. Meðan farþegar eru færri en 2 milljónir er flugvallarrekanda, sem sinnir einnig flugafgreiðslu, heimilt að færa bæði tekjur og tap milli þeirra þátta starfseminnar sem eru reknir á hreinum viðskiptaforsendum (til að mynda starfsemi á sviði flugafgreiðslu eða rekstrar bílastæða), að frátöldum greiðslum sem hann þiggur frá hinu opinbera fyrir að gegna hlutverki flugvallarstjórnvalds eða veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Ef ekki er um neina samkeppni að ræða á sviði flugafgreiðslu verður hann þó að gæta þess sérstaklega að brjóta ekki gegn ákvæðum landslaga eða EES-samningsins, og þá einkum að misnota ekki markaðsstöðu sína þannig að brjóti gegn ákvæðum 54. gr. EES-samningsins (en samkvæmt þeim er fyrirtækjum, sem njóta markaðsráðandi stöðu á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til, eða verulegum hluta þess, óheimilt að binda jafngild viðskipti ólíkum skilyrðum eftir flugfélögum, þannig að samkeppnisstaða skerðist).

60. Eftir að farþegar eru orðnir 2 milljónir að tölu verður flugafgreiðsluþjónusta að bera sig sjálf og er óheimilt að greiða hana niður með tekjum flugvallarins af annarri atvinnustarfsemi eða greiðslum sem hann þiggur frá hinu opinbera fyrir að gegna hlutverki flugvallarstjórnvalds eða veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.

30A.5 **Aðstoð vegna nýrra leiða**

30A.5.1 *Markmið*

61. Á litlum flugvöllum er farþegaumferð oft of lítil þess að reksturinn geti orðið hagkvæmur.

62. Ógerningur er að nefna algildar tölur um hversu margir farþegarnir þurfa að vera til þess að hagkvæmni náist. Svæðanefnd Evrópusambandsins hefur metið það svo að umferðin þurfi að vera 1,5 milljónir farþega á ári, en í ofangreindri rannsókn Cranfield-háskóla eru tilgreindar tvær tölur (500 000 og 1 milljón farþega á ári) og fram kemur að fjöldinn er breytilegur eftir löndum og rekstrarskipulagi flugvallar ⁽²⁹⁾.

63. Þó að rekstur sumra héraðsflugvallar geti gengið vel þegar nægilega margir farþegar fara um þá með flugfélögum sem sinna almannaðjónustu ⁽³⁰⁾ eða þegar stjórnvöld styrkja þá með félagslegum aðstoðarkerfum kjósa flugfélög heldur að nota vel staðsetta stóra flugvelli sem góð reynsla er af, hafa fljótvirkir samgöngur og fastan farþegahóp og bjóða þeim afgreiðslutíma sem þau vilja ógjarna missa. Við þetta bætist að stefna stjórnvalda og fjárfestingar á sviði flugvallarmála og flugumferðar valda því í mörgum tilvikum að umferð safnast að helstu borgum í hverju landi.

64. Af þessum sökum eru flugfélög ekki alltaf reiðubúin að taka þá áhættu að hefja flug frá óþekktum flugvöllum sem lítil reynsla er af, nema hæfileg hvatning komi til. Því getur eftirlitsstofnunin samþykkt að flugfélög njóti um skeið opinberra styrkja, að fullnægðum tilteknum skilyrðum, ef það er þeim nægileg hvatning til að hefja flug á nýjum leiðum eða samkvæmt nýrri ætlan frá héraðsflugvöllum og draga að sér nægilega marga farþega til að gera flugið hagkvæmt innan afmarkaðs tíma. Eftirlitsstofnunin mun fullvissa sig um að styrkir af því tagi færi ekki sérstakt hagræði stórum flugvöllum sem eru þegar að verulegu leyti opnir millilandaflugi og samkeppni.

⁽²⁶⁾ Kafli 18C í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, Ríkisaðstoð sem er fölginn í endurgjaldi fyrir almannaðjónustu, tekur að visu ekki til flutningastarfsemi en getur nýst sem vísbending um hvernig beita skuli ákvæðum 55.–57. mgr. [sá kafli birtist í Stjtið. ESB L 109, 26.4.2007, bls. 44, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 26.4.2007, bls. 1]. Þær leiðbeiningar svara til rammaákvæða Evrópu-bandalagsins um ríkisaðstoð sem er fölginn í endurgjaldi fyrir almannaðjónustu (Stjtið. ESB C 297, 29.11.2005, bls. 4).

⁽²⁷⁾ Tilskipun ráðsins 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum bandalagsins (Stjtið. EB L 272, 25.10.1996), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 64c í XIII. viðauka við samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 79/2000 frá 2. október 2000 (Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 20, og EES-viðbætur nr. 59, 14.12.2000).

⁽²⁸⁾ Í 85. mgr. ákvörðunar framkvæmdastjórnar Evrópuandalaganna um að taka til meðferðar mál Ryanair í Charleroi segir: „Að því er varðar flugafgreiðslugjöld er það álit framkvæmdastjórnarinnar að taka megi tillit til stærðarhagkvæmni þegar flugvallarnotandi nýtur sér í verulegum mæli þjónustu fyrirtækis. Ekkert er við það að athuga að sum fyrirtæki greiði lægra verð en tilgreint er í almennri verðskrá ef þau fyrirtæki fara fram á minni þjónustu aðrir viðskiptavinir.“

⁽²⁹⁾ Sjá skýrsluna „Study on competition between airports and the application of State aid rules“ (Rannsókn á samkeppni milli flugvallar og beitingu ríkisaðstoðarreglna), Cranfield University, september 2002, liðna 5.33 og 6.11.

⁽³⁰⁾ Sjá sömu skýrslu, lið 5–27: „Líta má á niðurgreiðslur á flugvallarþjónustu í tengslum við almannaðjónustukvaðið að nokkru leyti sem óbeinan styrk við flugvöllinn.“

65. Með hliðsjón af því almenna markmiði að efla samþætta flutningaþjónustu og ná sem bestri nýtingu á mannvirkjunum, sem hér hefur verið fjallað um, er aftur á móti ekki unnt að fallast á aðstoð vegna nýrrar leiðar ef hún er í samkeppni við háhraðalest.
66. Við þetta bætist að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur gefið út leiðbeiningar um árangursríka uppbyggingu á fjarlægustu landsvæðum bandalagsins ⁽³¹⁾. Eftirtalin þrjú megingjónarmið eru lögð til grundvallar: að bæta samgöngur við landsvæðin, að auka samkeppnishæfni þeirra og að efla tengsl þeirra við önnur svæði til þess að milda áhrif fjarlægðarinnar frá efnahagssvæði Evrópuríkja.
67. Af þessum sökum hefur framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna fallist á að þegar kemur að aðstoð vegna nýrra leiða frá fjarlægustu landsvæðum bandalagsins megi beita sveigjanlegri skilyrðum um samrýmanleika við samkeppnisreglur, einkum að því er varðar umfang og gildistíma aðstoðarinnar, og ákveðið að hreyfa ekki andmælum við aðstoð af því tagi sem veitt er til að halda uppi flugi til nálæggra landa utan Evrópusambandsins.

Það er álit eftirlitsstofnunarinnar að fallast megi á svipaðar reglur um umfang og gildistíma aðstoðar að því er varðar landsvæðin sem um getur í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins svo og strjálbýl svæði.

30A.5.2 Skilyrði um samrýmanleika við samkeppnisreglur

68. Um fjárhagslega hvatningu til að koma upp nýjum flugleiðum er það að segja, að aðhafist stjórnvöld ekki eins og einkafjárfestir í markaðshagkerfi (sjá undirkafla 30A.3.2.4) færir slíkt styrkfyrirtækjunum tiltekið hagræði og getur því leitt beinlínis til samkeppnisröskunar með því að draga úr rekstrarkostnaði styrkfyrirtækisins.
69. Hún getur einnig haft óbein áhrif á samkeppni milli flugvalla með því að auðvelda uppbyggingu á flugvöllum eða örva fyrirtæki til að flytja starfsemi sína milli flugvalla og flytja flugið frá EES-flugvelli til héraðsflugvallar. Af þessum ástæðum telst slík hvatning yfirleitt ríkisaðstoð og ber að tilkynna hana til eftirlitsstofnunarinnar.
70. Með hliðsjón af ofangreindum markmiðum og þess að stofnun nýrrar leiðar getur verið miklum vandkvæðum háð getur eftirlitsstofnunin samþykkt slíka aðstoð ef hún fullnægir eftirtöldum skilyrðum:
- Viðtakendur: Aðstoðin er greidd flugrekendum með gilt flugrekstrarskírteini sem er gefið út í einu af aðildarríkjum EES-samningsins í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum ⁽³²⁾.
 - Héraðsflugvelli: Aðstoðin er greidd vegna flugleiða sem tengja héraðsflugvöll í C- eða D-flokki öðrum flugvelli á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til. Aðstoð vegna flugs milli flugvalla í sama landi (B-flokkur) kemur aðeins til greina í vel rökstuddum undantekningartilvikum, og einkum þegar annar flugvöllurinn liggur á landsvæði sem stendur höllum fæti.
 - Nýjar flugleiðir: Aðstoðin nær eingöngu til þess að koma upp nýrri leið eða áætlun, sjá hér á eftir, sem vænta má að leiði til fjölgunar farþega í heild ⁽³³⁾.

Aðstoðin má ekki verða til þess að flugumferð flytjist einfaldlega frá einu flugfélagi eða fyrirtæki til annars. Einkum má hún ekki leiða til breytinga á flugumferð sem ekki er unnt að réttlæta með hliðsjón af tíðni og hagkvæmni annarra ferða sem haldið er úti frá öðrum flugvelli í sömu borg, á sama þéttbýlissvæði ⁽³⁴⁾ eða í sama flugvallakerfi ⁽³⁵⁾ til sömu eða svipaðra áfangastaða og á sömu forsendum. Jafnframt er óheimilt að veita aðstoð vegna nýrrar leiðar ef þegar er til að dreifa tengingu milli sömu staða með háhraðalest á sömu forsendum.

Eftirlitsstofnunin mun vísa frá umsóknum sem byggjast á misnotkun í þeim skilningi að fyrirtæki reyni að komast fram hjá því að aðstoð vegna nýrra leiða er tímabundin með því að leggja niður flug sem nýtur styrkja og hefja meint nýtt flug með svipaðri þjónustu. Einkum verður ekki unnt að veita aðstoð þegar flugfélag hefur þegar nýtt alla aðstoð vegna tiltekins flugs og sækir um aðstoð vegna flugs frá öðrum flugvelli í sömu borg, á sama þéttbýlissvæði eða í sama flugvallakerfi og til sama eða svipaðs áfangastaðar í samkeppni við fyrrgreinda flugið. Ef aðeins er farin sú leið að skipta út einni flugleið fyrir aðra, á aðstoðartímanum, með brottför frá sama flugvelli og sama eða meiri áætluðum farþega fjölda skerðir það aftur á móti ekki rétt til áframhaldandi greiðslna til loka aðstoðartímans ef sú breyting hefur ekki áhrif á aðrar forsendur þess að aðstoðin var veitt í upphafi.

⁽³¹⁾ Orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 26. maí 2004 [COM(2004) 343 lokaútg.] og 6. ágúst 2004 [SEC(2004) 1030] um öflugra samstarf í þágu ystu svæðanna.

⁽³²⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum (Stjtið. EB L 240, 24.8.1992), eins og hún var felld inn í EES-samninginn sem liður 66b í XIII. viðauka við samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 (Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994).

⁽³³⁾ Þetta á einkum við þegar árstíðabundin leið er gerð varanleg og þegar teknar eru upp daglegar ferðir á leið sem áður var sinnt sjaldnar.

⁽³⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 64a í XIII. viðauka við samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 (Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994).

⁽³⁵⁾ Sjá skilgreiningu í m-lið 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 64a í XIII. viðauka við samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 (Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994).

- d) Langtímahagkvæmni og stigminnkandi aðstoð: Flugleiðin, sem aðstoð er veitt til, verður að reynast hagkvæm þegar fram í sækir, þ.e. hún verður að geta staðið undir útgjöldum án opinberra styrkja. Af þessum ástæðum verður aðstoð vegna nýrra leiða að fara stigminnkandi og vera tímabundin.
- e) Endurgjald fyrir viðbótarkostnað vegna nýrrar leiðar: Aðstoðarfjárhæðin verður að takmarkast þröngt við þann viðbótarkostnað sem fellur til vegna vinnu við að koma upp nýrri leið eða fjölga ferðum og flugrekandinn þarf ekki að bera eftir að leiðin er komin í notkun. Dæmi um slíkan kostnað er kostnaður við markaðssetningu og auglýsingar sem fellur til í upphafi vegna kynningar á nýju leiðinni. Undir þetta getur fallið kostnaður flugfélagsins af því að koma upp aðstöðu á viðkomandi héraðsflugvelli til þess að geta hafið flug á leiðinni, að því tilskildu að flugvöllurinn teljist til C- eða D-flokks og aðstoð hafi ekki þegar verið veitt vegna sama kostnaðar. Aftur á móti má ekki veita aðstoð vegna venjulegs rekstrarkostnaðar á borð við leigu eða afskriftir flugvéla, eldsneytiskaup, laun áhafnar, flugvallargjöld eða veitingakostnað. Styrkhæfur kostnaður umfram þetta verður að samsvara raunverulegum kostnaði sem fellur til við eðlilegar markaðsaðstæður.

- f) Aðstoðarhlutfall og gildistími: Stigminnkandi aðstoð má veita í þrjú ár hið lengsta. Aðstoðarfjárhæð á einu og sama ári má ekki vera umfram 50 % af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar og aðstoðarfjárhæðin í heild má ekki vera umfram 30 % af styrkhæfum kostnaði að meðaltali.

Þegar um ræðir flug frá afskiptum héruðum, þ.e. héruðum sem ákvæði a-liðar 3. mgr. 61. gr. eiga við, og strjálum byggðum má veita stigminnkandi aðstoð í fimm ár hið lengsta. Aðstoðarfjárhæð á einu og sama ári má ekki vera umfram 50 % af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar og aðstoðarfjárhæðin í heild má ekki vera umfram 40 % af styrkhæfum kostnaði að meðaltali. Ef aðstoð er veitt í fimm ár má hún vera 50 % af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar fyrstu þrjú árin.

Hvað sem öðru líður verður tíminn, sem flugfélagið nýtur aðstoðar vegna nýrrar leiðar, að vera mun styttri en sá tími sem það skuldbindur sig til að fljúga frá viðkomandi flugvelli, samkvæmt viðskiptaáætluninni sem skylt er að leggja fram samkvæmt i. lið 70. mgr. Jafnframt ber að hætta aðstoð þegar markmið sem snúa að farþegafjölda hafa náðst eða þegar ekki er lengur tap á rekstrinum, jafnvel þótt þetta verði fyrir lok tímabilsins sem upphaflega var ákveðið.

- g) Tengsl við farþegaaukningu á leiðinni: Tengsl verða að vera milli aðstoðargreiðslna og heildaraukningar farþega. Svo dæmi sé tekið verður fjárhæð á hvern farþega að minnka í samræmi við heildaraukningu umferðar til þess að aðstoðin haldi áhrifum sínum sem hvetjandi ívilnun og ekki reynist nauðsynlegt að breyta aðstoðarhámarkinu.
- h) Úthlutun án mismununar: Hver sú opinber stofnun, sem áformar að veita flugfélagi aðstoð vegna nýrrar leiðar, hvort sem aðstoðin er veitt gegnum flugvallarrekaða eða ekki, verður að kynna slík áform opinberlega með góðum fyrirvara og nægilega vel til að öll flugfélög, sem áhuga kynnu að hafa, eigi þess kost að bjóða fram þjónustu sína. Einkum verður tilkynningin að hafa að geyma lýsingu á leiðinni og byggjast á málefnalegum viðmiðum að því er varðar aðstoðarfjárhæð og aðstoðartímabil. Virða ber reglur og sjónarmið, sem stýra opinberum innkaupum og úthlutun sérleyfa, eftir því sem við á.
- i) Áhrif á aðrar leiðir og viðskiptaáætlun: Þegar flugfélag býður þjónustu sína opinberri stofnun sem hyggst veita aðstoð vegna nýrrar leiðar verður það að láta fylgja umsókn sinni viðskiptaáætlun sem nær yfir tiltölulega langt tímabil og sýnir hvernig rekstur leiðarinnar getur skilað hagnaði eftir að aðstoðargreiðslum líkur. Áður en aðstoð er veitt vegna nýrrar leiðar ber opinberu stofnuninni einnig að láta fara fram greiningu á áhrifum nýju leiðarinnar á leiðir sem fá samkeppni frá henni.
- j) Opinberar auglýsingar: EFTA-ríkjunum ber að sjá til þess að birt sé árlega skrá um leiðir, sem aðstoð er veitt til, fyrir hvern flugvöll, þannig að fram komi í hverju tilviki hvaðan opinbert fjármagn kemur, hvaða fyrirtæki nýtur greiðslna, hver aðstoðarfjárhæðin er og hversu margir farþegar hafa verið fluttir.
- k) Áfrýjun: Auk áfrýjunarleiða, sem kveðið er á um í tilskipunum 89/665/EBE og 92/13/EBE um opinber innkaup⁽³⁶⁾, eftir því sem þær eiga við, ber EFTA-ríkjunum að koma upp áfrýjunarleiðum til þess að tryggja að aðstoð sé veitt án mismununar.
- l) Viðurlög: Beita ber viðurlögum ef flugrekandi stendur ekki við skuldbindingar sem hann hefur tekist á hendur í tengslum við tiltekinn flugvöll þegar aðstoð var veitt. Ef séð er til þess að flugvallarrekaði hafi tók á að endurheimta aðstoð eða ganga að veði flugrekanda gerir það honum kleift að tryggja að flugfélagið standi við skuldbindingar sínar.

71. Uppsöfnun: Aðstoð vegna nýrra leiða má ekki veita jafnframt annarri aðstoð til flugrekstrar á tiltekinni leið, til að mynda aðstoð félagslegs eðlis sem tiltekni farþegahópar njóta eða endurgjaldi vegna almannaþjónustu. Þar við bætist að óheimilt er að veita slíka aðstoð þegar aðgangur að leiðinni hefur verið takmarkaður við einn flugrekanda á grundvelli 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2408/92⁽³⁷⁾, einkum d-liðar 1. mgr. Í samræmi við meðalhófsreglur er jafnframt óheimilt að veita slíka aðstoð jafnframt annarri aðstoð sem veitt er vegna sömu útgjalda, og á þetta einnig við um aðstoð frá öðru ríki.

⁽³⁶⁾ Tilskipun ráðsins 89/665/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerðar opinberra vörukaupa- og verksamninga (Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 33–35), eins og hún var felld inn í EES-samninginn sem 5. liður XVI. viðauka við samninginn. Tilskipun ráðsins 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti (Stjtið. EB L 76, 23.3.1992, bls. 14–20) sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 5a í XVI. viðauka við samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 (Stjtið. EB L 160, 28.6.1994, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 17, 28.6.1994).

⁽³⁷⁾ Sjá 1. nmgr.

72. Skyld er að tilkynna eftirlitsstofnuninni aðstoð vegna nýrra leiða. Eftirlitsstofnunin beinir því til EFTA-ríkjanna að þau tilkynni fremur aðstoðarkerfi en einstök tilvik um aðstoð, því að með þeim hætti næst betra samræmi á öllu svæðinu sem EES-samningurinn tekur til. Eftirlitsstofnunin getur ákveðið að meta sérstaklega tilvik og aðstoðarkerfi sem fullnægja ekki að öllu leyti þessum viðmiðum en leiða til sambærilegrar niðurstöðu.

30A.6 Þiggjendur eldri, ólögmatrar aðstoðar

73. Nú hefur fyrirtæki áður fengið aðstoð sem telst ólögmat og eftirlitsstofnunin hefur synjað um heimild fyrir með fyrirmælum um endurgreiðslu, og farist hefur fyrir að endurheimta aðstoðina í samræmi við ákvæði 14. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, og ber þá að meta alla aðstoð til uppbyggingar á flugvallarvirkjum og vegna nýrra leiða að teknu tilliti bæði til uppsöfnunaráhrifa eldri og nýrrar aðstoðar og þess að eldri aðstoðin hefur ekki verið endurgreidd ⁽³⁸⁾.

30A.7 Viðeigandi ráðstafanir í skilningi 1. mgr. 1. gr. i. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

74. Eftirlitsstofnunin leggur til, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að EFTA-ríkin breyti gildandi aðstoðarkerfum á sviði ríkisaðstoðar sem falla undir þessar leiðbeiningar þannig að ákvæðum leiðbeininganna hafi verið fullnægt eigi síðar en 1. júní 2007. Því er beint til EFTA-ríkjanna að þau staðfesti skriflega samþykki sitt við þessari tillögu um viðeigandi ráðstafanir eigi síðar en 1. júní 2006.

75. Staðfesti EFTA-ríki ekki samþykki sitt skriflega fyrir þann dag mun eftirlitsstofnunin beita ákvæðum 2. mgr. 19. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, og hefja málsmeðferð samkvæmt því ákvæði ef þess gerist þörf.

30A.8 Gildistöku dagur

76. Þessar leiðbeiningar gilda frá deginum sem eftirlitsstofnunin samþykkir þær. Tilkynningar, sem skráðar eru hjá eftirlitsstofnuninni fyrir þann dag, verða þó metnar á grundvelli reglna sem eru í gildi á þeim tíma.

Þegar um ræðir aðstoð vegna uppbyggingar flugvallarvirkja, svo og aðstoð vegna nýrra leiða sem er veitt án heimildar eftirlitsstofnunarinnar og brýtur því í bága við ákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, mun eftirlitsstofnunin meta hvort aðstoðin samrýmist gildandi ákvæðum á grundvelli þessara leiðbeininga ef aðstoðin var greidd eftir að leiðbeiningarnar voru samþykktar. Í öðrum tilvikum fer mat eftirlitsstofnunarinnar fram á grundvelli reglna sem voru í gildi þegar aðstoðargreiðslur hófust.

77. Eftirlitsstofnunin bendir EFTA-ríkjunum og áhugaaðilum á að fyrirhugað er að taka framkvæmd leiðbeininganna til gaumgæfilegrar athugunar þegar fjögur ár eru liðin frá gildistöku þeirra. Niðurstöður þeirrar athugunar geta orðið til þess að eftirlitsstofnunin endurskoði leiðbeiningarnar.

⁽³⁸⁾ Sjá mál C-355/95 P *Textilwerke Deggendorf* gegn *frankvæmdastjórninni* [1997] ECR I-2549.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2008/EES/12/03

320/06/COL

frá 31. október 2006

um breytingu á skránni sem er að finna í 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og sýnir landamæraskoðunarstöðvar á Íslandi og í Noregi sem hafa öðlast viðurkenningu til dýraheilbrigðiseftirlits með dýrum og dýraafurðum frá löndum utan EES og um niðurfellingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 246/06/COL frá 6. september 2006

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af 1. og 3. lið B-liðar 4. mgr. og b-lið 5. mgr. í inngangsorðum I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 1.1.4 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum*), með áorðnum breytingum, auk breytinga samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina sem um getur í I. viðauka við samninginn, einkum 2. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 1.1.5 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE*), með áorðnum breytingum, auk breytinga samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina sem um getur í I. viðauka við samninginn, einkum 4. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 1.2.111 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn (*ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB frá 21. nóvember 2001 um kröfur um viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum sem annast dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn í bandalagið frá þriðju löndum*), með áorðnum breytingum, einkum 5. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eftirlitsstofnun EFTA felldi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 86/02/COL frá 24. maí 2002 úr gildi með ákvörðun 246/06/COL frá 6. september 2006 og gaf út nýja skrá um landamæraskoðunarstöðvar á Íslandi og í Noregi sem hafa öðlast viðurkenningu til dýraheilbrigðiseftirlits með dýrum og dýraafurðum frá löndum utan EES.

Stjórnvöld í Noregi hafa beðið Eftirlitsstofnun EFTA að bæta fyrirhugaðri landamæraskoðunarstöð í höfninni í *Egersund* við skrána um landamæraskoðunarstöðvar á Íslandi og í Noregi sem hafa öðlast viðurkenningu til dýraheilbrigðiseftirlits með dýrum og dýraafurðum frá löndum utan EES, sjá 39. lið hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

Stjórnvöld í Noregi hafa beðið Eftirlitsstofnun EFTA að skrá hina fyrirhuguðu landamæraskoðunarstöð í höfninni í *Egersund* sem skoðunarstöð vegna innflutnings á lýsi til neyslu og annarra nota og á fiskimjöli í lausu.

Stjórnvöld í Noregi hafa lagt til við Eftirlitsstofnun EFTA að vöruflokkunum lýsi í lausu og lýsi í umbúðum til neyslu og annarra nota verði bætt við að því er varðar skoðunarmiðstöðina *Kristiansund* í landamæraskoðunarstöðinni í *Kristiansund*.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hafa í sameiningu, og í náinni samvinnu við lögbær stjórnvöld í Noregi, skoðað landamæraskoðunarstöðina í *Egersund* og skoðunarmiðstöðina í *Kristiansund*.

Í kjölfar þessarar sameiginlegu skoðunar, og í samræmi við 3. lið B-liðar 4. mgr. í inngangsorðum I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, gáfu skoðunarmenn Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna út sameiginleg tilmæli hinn 16. október 2006 (málsnúmer 59362/skjaln. 391554) þess efnis að landamæraskoðunarstöðinni í *Egersund* og hinum nýju vöruflokkum vegna skoðunarmiðstöðvarinnar *Kristiansund* yrði bætt við skrána um landamæraskoðunarstöðvar.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, með ákvörðun 312/06/COL.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum við innflutning til Íslands og Noregs frá löndum utan EES skal fara fram á vegum lögbærra landsyfirvalda á viðurkenndum landamæraskoðunarstöðvum sem talðar eru upp í viðauka við ákvörðun þessa.
2. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 246/06/COL frá 6. september 2006 fellur úr gildi.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. október 2006.
4. Ákvörðun þessari er beint til Íslands og Noregs.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 31. október 2006.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bjørn T. Grydeland

Forseti

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Skrá um viðurkenndar landamæraskoðunarstöðvar

Land: Ísland

1	2	3	4	5	6
Akureyri	1700499	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC(16)	
Hafnarfjörður	1700299	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC(16)	
Húsavík	1701399	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Ísafjörður	1700399	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Keflavíkurflugvöllur	1700799	A		HC(1)(2)(3)	O(15)
Reykjavík	1700199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC(16)	
Þorlákshöfn	1701899	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	

Land: Noregur

1	2	3	4	5	6
Borg	1501499	P		HC, NHC	E(7)
Båtsfjord	1501199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Egersund	NO02299	P		HC-NT(6), NHC-NT(6)(16)	
Hammerfest	1501099	P	Rypefjord	HC-T(FR)(1)(2)(3), HC-NT(1)(2)(3)	
Honningsvåg	1501799	P	Honningsvåg	HC-T(1)(2)(3)	
			Gjesvær	HC-T(1)(2)(3)	
Kirkenes	1502199	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Kristiansund	1500299	P	Harøysund	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Kristiansund	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3), HC-NT(6), NHC-NT(6)	
Måløy	1500599	P	Gotteberg	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Moldøen	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Trollebø	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
Ósló	1500199	P		HC, NHC	
Ósló	1501399	A		HC, NHC	U,E,O
Skjervøy	1502099	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Sortland	1501699	P	Andenes	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Melbu	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Sortland	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Storskog	1501299	R		HC, NHC	U,E,O
Tromsø	1500999	P	Bukta	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Kaldfjord	HC-T(FR)(1)(2)(3)	

1	2	3	4	5	6
			Solstrand	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Senjahopen	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Vannøy	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Vadsø	1501599	P		HC-T(FR)(1)(2)(3)	
Álasund	1500699	P	Breivika	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	
			Ellingsøy	HC-T(FR)(1)(2)(3)	
			Skutvik	HC-T(FR)(1)(2)(3), NHC-T(FR)(2)(3)	

1 = Heiti

2 = Animo-kóði

3 = Gerð

- A = Flugvöllur
- F = Járnbraut
- P = Höfn
- R = Vegur

4 = Skoðunarmiðstöð

5 = Afurðir

- HC = Allar afurðir til manneldis
- NHC = Aðrar afurðir
- NT = Engar kröfur um hitastig
- T = Frystar/kældar afurðir
- T(FR) = Frystar afurðir
- T(CH) = Kældar afurðir

6 = Lifandi dýr

- U = Hóf- og klaufdýr: nautgripir, svín, sauðfé, geitur, villt og tamin hófdýr
- E = Skráð dýr af hestaætt samkvæmt skilgreiningunni í tilskipun ráðsins 90/426/EBE
- O = Önnur dýr

5-6 = Sérstakar athugasemdir

- (1) = Eftirlit í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE sem var tekin á grundvelli ákvæða 3. mgr. 19. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB
- (2) = Eingöngu afurðir í umbúðum
- (3) = Eingöngu sjávarafurðir
- (4) = Eingöngu dýraprófín
- (5) = Eingöngu ull, húðir og skinn
- (6) = Eingöngu fljótandi fita, olía og lýsi
- (7) = Íslenskir hestar (eingöngu frá apríl til október)
- (8) = Eingöngu dýr af hestaætt
- (9) = Eingöngu hitabeltisfiskar
- (10) = Eingöngu kettir, hundar, nagdýr, nartarar, lifandi fiskar, skriðdýr og fuglar aðrir en strútfuglar
- (11) = Eingöngu fôður í lausu
- (12) = Að því er varðar (U) aðeins dýr sem send eru í dýragarða, þegar um hófdýr er að ræða; að því er varðar (O) aðeins dagsgamlir kjúklingar, fiskar, hundar, kettir, skordýr og önnur dýr sem send eru í dýragarða
- (13) = Nagylak HU: Hér er um að ræða landamæraskoðunarstöð (fyrir afurðir) og landamærastöð (fyrir lifandi dýr) á landamærum Ungverjalands og Rúmeníu sem lýtur umsömdum bráðabirgðaráðstöfunum samkvæmt aðildarsáttmálanum, bæði vegna afurða og lifandi dýra; sjá ákvörðun framkvæmda stjórnarinnar 2003/630/EB
- (14) = Ætluð til gegnumflutnings tiltekinna dýraafurða um Evrópubandalagið sem eru ætlaðar til manneldis og eru fluttar frá Rússlandi eða til Rússlands í samræmi við sértæka málsmeðferð sem kveðið er á um í viðkomandi bandalagslöggjöf
- (15) = Eingöngu dýr sem eru notuð í fiskeldi
- (16) = Eingöngu fiskimjöl

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4867 – BNP Paribas/Natixis/SLIB)

2008/EES/12/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin BNP Paribas („BNPP“) og Natixis öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Services Logiciels d'Intégration Boursière („SLIB“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BNPP: fjárfestinga-, viðskipta- og einkabankastarfsemi og eignastýring
 - Natixis: fjárfestinga- og einkabankastarfsemi og eignastýring
 - SLIB: notendahugbúnaður fyrir fjármálamarkaði
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 59, 4. mars 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4867 – BNP Paribas/Natixis/SLIB, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4874 – Itema/BarcoVision)

2008/EES/12/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Itema Holding SpA („Itema“), sem er undir yfirráðum Radici-samsteypunnar og Mirco Radici-samsteypunnar í sameiningu, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í svissneska fyrirtækinu Gebrüder Loepfe AG („BarcoVision“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Itema: framleiðsla og sala á framleiðslutækjum fyrir vefjariðnað
 - BarcoVision: framleiðsla og sala á skynjurum, eftirlitskerfum og tölvustýrðum framleiðslukerfum fyrir vefjariðnað
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 57, 1. mars 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4874 – Itema/BarcoVision, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4884 – FCC/PORR/Autopot)**

2008/EES/12/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. febrúar 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið FCC Construcción SA („FCC“) og austurríska fyrirtækið Allgemeine Baugesellschaft – A. Porr Aktiengesellschaft („PORR“) öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í serbneska fyrirtækinu Sever-Jug Autopot d.o.o. („Autopot“), en það er sem stendur undir yfirráðum FCC að fullu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - FCC: byggingastarfsemi, þjónusta, sement og fasteignaviðskipti
 - PORR: byggingastarfsemi, byggingaefni og fasteignauppbýgging
 - Autopot: hönnun, lagning, rekstur og viðhald Horgoš-Požega-hraðbrautarinnar í Serbíu
